

Ed. 746. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Jónssyni og Geir Hallgrímssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Við 16. gr. laganna (sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972) bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er íemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði 1. mgr. 12. gr. greindra laga.

2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

3. Á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:
Skattvísitala fyrir skattárið 1972 skal vera 135.